

# Atvinnustefna Hrunamannahrepps

Samfélagið í Hrunamannahreppi grundvallast á hagrænni nýtingu náttúrugæða sem hér eru. Sveitarfélagið, lögbundin þjónusta og skylda þess og ríkisins, mynda umgjörð um samfélagið sem tryggir virkni þess í allra þágu.

Sveitarstjórnin lítur á það sem eitt meginhlutverk sitt að tryggja jafnvægi og stöðugleika innan samfélagsins og mun ávallt leitast við að samhæfa sín verkefni við þróun atvinnu- og mannlífs á grundvelli heildar- og langtímahagsmuna. Í því sambandi verður einnig horft til eflingar samstarfs um atvinnusköpun á atvinnusóknarsvæði íbúanna við nágrannasveitarstjórnir.

Leiðarljós þessarar atvinnustefnu er sú staðfesta sveitarstjórnar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að skapa og varðveita þá umgjörð sem þarf til þess að hér í sveit verði stöðug og farsæl framþróun í atvinnumálum í uppbyggilegu samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga, innan og utan sveitar.

Atvinnustefnan byggist á þremur meginstoðum:

## Samfélagið

- Öflug grunnþjónusta dregur að og heldur í íbúa
- Samstarf, innan og utan sveitar um atvinnuþróun, nýsköpun og skipulagsmál
- Hvatning til samstarfs meðal aðila innan starfsgreina

## Framkvæmd

- Aðgerðaráætlun í þágu atvinnulífsins - til tveggja ára í senn
- Samráð við hagaðila í atvinnulífinu, fræðsla og samvinna
- Sértaekar aðgerðir - festa í meðhöndlun verkefna til uppbyggingar eða varnar atvinnulífinu

## Kynning - Eftirfylgni

- Heimasíða - sérstakur liður um atvinnumál og -þróun, fagleg framsetning og hvatning
- Vorfundir annaðhvert ár um atvinnumál og aðgerðaáætlun
- Eftirfylgni og árangursmat

## Samfélagið

### Mannlíf

Sveitarstjórn mun alltaf sjá til þess að verkferlar, stofnanir og framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins hafi skilvirkni og gæði að leiðarljósi og mun tryggja það fjármagn sem til þess þarf. Áherslur verða á eftirfarandi þætti:

- Grunnþjónusta á sviði heilbrigðis- og menntunar – verði rekin af fagmennsku, framsýni og skilvirkni. Stuðst verður við utanaðkomandi faglegt mat og ráðgjöf og því framfylgt af festu sem þar er lagt til úrbóta.
- Ætið verður lagður metnaður í stuðning við nýbúa til að auðvelda þeim aðlögun og að gerast virkir í samféluginu meðal annars með því að gera heimasíðu sveitarfélagsins þeim aðgengilega. Leitað verður fyrirmynnda og ráðgjafar til að ná þessu fram.
- Samgöngur á vegum og nettengingar verði ávallt til fyrirmynnar og engin hindrun í framþróun.
- Löggaesla og öryggismál íbúa séu alltaf áreiðanleg, meðal annars í samstarfi við Almannavarnir, björgunarsveitir og lögreglustjóraembættið á Suðurlandi.
- Aðgengi að þeirri opinberri þjónustu sem íbúum er nauðsyn og grundvallast á samstarfi sveitarfélags og ríkis m.a. öldrunarþjónusta,
- Afþreyingar, æskulýðs- og íþróttamál – Markvisst verður unnið að sem mestri þáttöku barna og unglings á þessum sviðum með því að bjóða góða aðstöðu og faglega leiðsögn.
- Skipulagsmál – íbúa- og atvinnusvæða, þétt- og dreifbýlissvæða, svæðaskipulagsmál sem taka á öllum þáttum samfélagsþróunar á svæðinu.
- Stranglega verði fylgt þeim vinnureglum og viðmiðunarmörkum sem opinberlega eru settar um fjármálastjórn sveitarfélagsins. Pannig verði fjárhagsleg geta sveitarfélagsins aldrei sett í hættu og það tryggt að alltaf verði hægt að viðhafa sem besta grunnþjónustu og að sveitasjóður geti á öllum tínum gripið til aðgerða ef samfélagslegu jafnvægi er ógnað.

Þeir þættir sem þarf að bæta í ofannefndum liðum og krefjast fjármagns og aðgerða munu koma fram í aðgerðaáætlun á hverjum tíma, markmið þeirra og árangursmælikvarðar með þeirri eftiryfigni sem þeim áætlunum fylgir.

### Atvinnulíf

Sveitarstjórn mun leitast við að stuðla að jafnvægi í atvinnumálum, til að mynda að atvinnustigið dragi að íbúa en ekki öfugt, og skapa allar almennar forsendur fyrir farseld og stöðugleika í atvinnulífinu með áherslu á eftirfarandi:

- Hvetja starfandi aðila í megin atvinnugreinum í sveitarféluginu til að koma á virku samstarfi sín á milli um hagsmunamál sín, stuðning og aðhald við þessa atvinnustefnu.
- Virku samráði við hagsmunaaðila atvinnugreina og fyrirtækja í sveitarféluginu til þess að sveitarstjórn sé ætið upplýst um stöðu atvinnumála og gripið til þeirra ráða sem hún býr að ef þurfa þykir.
- Með því að viðhafa fagmennsku og framsýni í framkvæmd og fyrirkomulagi skipulagsmála þar sem hagsmunir atvinnulífs eru tryggðir með eðlilegum hætti og ekki þrengt að vexti þess og möguleikum í núverandi og nýjum rekstri.
- Að beita sér fyrir öryggi og áreiðanleika í vegasamgöngum á öllum tínum.
- Að koma á áreiðanlegu og samkeppnishæfu fjarskiptakerfi sem nær jafnt til allra – athuga með samráð við nágrannabyggðir og ríkið.
- Að auðvelda atvinnurekendum aðgengi að samkeppnishæfu vinnafli með því að hlúa að þeim mannlífsþáttum sem auka lífsgæði í sveitarféluginu eins og að ofan er tilgreint.
- Útfærslu á faglegri markaðssetningu á sveitarféluginu til búsetu og atvinnurekstrar. Skýr framsetning á heimasíðu um ívilnanir, lóðamöguleika og aðgengi að orku, vinnafli, þjónustu og fleira viðeigandi á hverjum tíma.
- Markvisst samtal og samstarf við nágrannasveitarfélögin og önnur á Suðurlandi um atvinnuuppbyggingu og þróun, og við þær stofnanir í samféluginu sem sinna atvinnu- og nýsköpunarmálum.

Þessu verður framfylgt með skipulögðum verkferlum innan stjórnsýslu sveitarfélagsins og verkefnum í aðgerðaáætlunum, þar sem markmið og árangursmælikvarðar þeirra eru tilteknir með skyrum hætti og eftirfylgni tryggð.

## Framkvæmd

### Aðgerðaáætlun í atvinnumálum innan ramma atvinnustefnu:

Annað hvert ár skal sveitastjórn leggja fram sérstaka aðgerðaáætlun í þágu atvinnulífs. Áætlunin verði grundvölluð á samráði við hagsmunaaðila atvinnugreina og tillögum fagsviða innan sveitarfélagsins, ábendingum frá íbúum og utanaðkomandi fagaðilum ef þannig ber við.

Verkefnum verði forgangsraðað og áætlunin afgreidd í sveitarstjórn annað hvert vor og gildir í tvö ár í senn, en getur einnig verið endurskoðuð árlega og lögð sem slík fram á sama tíma.

Ágerðaáætlunin verður vönduð, ábyrg og faglega unnin. Hvert verkefni skal vera greinilega skilgreint, markmið þess, tímamörk, kostnaður og verkábyrgð. Þannig verður auðvelt að mæla framgang, skapa aga við gerð áætlunar og framkvæmd, sjá árangur hvers verkefnis, draga af því laerdóm til að betrumbæta áætlunar og framkvæmdir.

**Sértækar aðgerðir** eða áherslur í samstarfi við ákveðna atvinnugrein til eflingar eða varnar stöðu þess í atvinnulifi innan sveitarfélagsins. Til að mynda ef upp koma tækifæri til að ná inn atvinnutækifærum eða efla þau sem fyrir eru. Einnig er upp koma vandamál í einni atvinnugrein sem getur haft neikvæð áhrif innan sveitarfélagsins sem þá kalla á mótvægisáðgerðir til að lágmarka skaðann og samráð við utanaðkomandi aðila eins og ríkið.

Sveitarstjórn hefur leyfi til að skipa slíkan – vinnuhóp – þeim sem best henta viðfangsefninu skal gera það opinberlega og hefur leyfi til fjárhagsútgjalsa sem ákveða skal við skipan hans.

## Vorfundur um atvinnumál -

Er hinn formlegi umræðuvettvangur fyrir kynningar á aðgerðum, eftirfylgni og mat á árangri atvinnustefnunnar. Skal hann haldinn annaðhvort ár þar sem lögð verður fram aðgerðaráætlun í þágu atvinnulífsins til næstu tveggja ára. Ef upp koma sérstök tilefni í umræðum og aðgerðum um atvinnumál skal boða til upplýsinga- og umræðufundar með íbúum um viðkomandi tilfelli og jafnframt skal þá að leggja fram breytingar á aðgerðaáætlun ef ástæður eru til.

## Eftirfylgni og endurskoðun

Sveitarstjórn gerir samning við utanaðkomandi aðila um að gera reglulega úttekt á markmiðum og framfylgd atvinnustefnunnar og mæla árangur á grundvelli árangursmælikvarða sem fylgja hverri aðgerðaráætlun og einnig þeim sem sveitarstjórn setur sér í heild um atvinnu- og samfélagsmál.

Þessi úttekt verður kynnt á vorfundum um atvinnumál og birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samning við úttektaraðila skal kynna jafnframt samþykkt atvinnustefnu í sveitarstjórn og á fyrsta ígildi vorfundar. Í fyrstu er stefnt að því að ná samkomulagi við ráðgjafasvið SASS um þennan lið.

## Fylgiblöð:

### **Árangursmælikvarðar**

Til að greina árangur atvinnustefnunar og markmiða innan hennar þarf að finna viðeigandi mæligildi og -aðferð fyrir hvern lið sem aðilar eru sammála um að gefi vísbendingu um áhrif hennar og árangur. Sama á við um aðgerðaráætlunina. Þar verði sett inn viðmið, fyrir verk sem það á við, um árangur, og mæliaðferð útfærð.

<b>Fyrir skammtímaáhrif</b>			
<b>Mæliliður</b>	<b>Markmið</b>	<b>Rök</b>	<b>Mæliaðferð</b>
Fjöldi fundarmanna á fyrsta kynningarfundum um atvinnumál og atvinnustefnu	Fleiri en 70	Mikil áhersla er á vandaða kynningu og að fá sem flesta íbúa til að taka þátt og skapa aukna meðvitund um atvinnumál og hlutverk svf. þar.	Talning
Fjöldi fyrirspurna til skrifstofu sveitarfélagsins um lóðir undir atvinnustarfsemi	5 árlega	Vísbending um vöxt, árangur af atvinnustefnu og markaðssetningu.	Talning
Fjöldi fyrirspurna á skrifstofu sveitarfélagsins um íbúðalöðir frá einstaklingum og byggingaraðilum	10 á ári		Talning
Fjöldi nýrra rekstarfélaga á ári sem hefja starfsemi umfram þau sem hætta – ekki er hér miðað við umbreytingu á rekstrarformi starfandi rekstrar.	5	Eru aðilar að fara útí rekstur og þar með að nýta viðskiptatækifæri á stjórnsýslusvæðinu og nágrenni þess.	Opinber skráning
Fjöldi íbúa – fjölgun	50 innan 3ja ára	Nýtt aðalskipulag, atvinnustefna og markaðssetning sveitarfélagsins.	Hagstofa – Þjóðskrá
Framgangur á myndun samstarfshóps meðal ferðaþjónustuaðila.	Stofnsett árið 2015 og verði varanlegt samstarf	Mikil gerjun í ferðaþjónustunni, mikið í húfi fyrir sveitarfélagið, nauðsynlegt að hagsmunaaðilar vinni saman og með sveitarfélagini.	Formleg stofnun samstarfsvetvangs, fundafjöldi.
<b>Fyrir langtímaáhrif</b>			
Fjöldi fundarmanna vorkynningarfundum um atvinnumál og atvinnustefnu eftir 3 ár.	Fleiri en 100	Mikil áhersla á skapa áhuga og vakningu meðal íbúa um atvinnumál. Því er markmiðið að þeim fjölgi ár frá ári sem sækja vorfundina og því þarf vanda vel til þeirra frá upphafi sem vettvangur faglegrar umræðu um atvinnumál og framgang þeirra mála í höndum sveitarstjórnar.	Talning
Fjölgun leikskólabarna milli des. 2014 og des. 2017.	10	Barnaeignaaldurshópur að stækka með fjölgun atvinnutækifæra. Aldursh. milli 30 og 50 þarf að fjölga. Aukin trú íbúa og tilflutningur.	Talning
Fjölgun grunnskólabarna í Hrunamannahreppi milli des. 2014 og des. 2017.	20	Greinileg íbúafékkun í barneigna- aldurshópum. Þessu þarf að breyta með auknu atvinnuframboði í sveitarfélagini og nágrenni.	Talning
Fjölgun skráðra útsvarsreiðenda apr. '15- '18	35	Fjölgun íbúa og atvinnutækifæra, gæða grunnþjónusta – lág þjónustugjöld.	Skattskrá
Hækkun skatttekna og tekjum sveitasjóðs	5% á milli ára	Aukin umsvif – auknar útsvarstekjur, fasteigna- og lóðargjöld, þjónustugjöld.	Ársreikningur
Fjöldi íbúa	Fjölgun söm og almenn íbúa-próun í landinu	Nú, varnarbarátt. Gera betur í þeim greinum sem fyrir eru.	Skráning 1 jan. 2015 og 2017 - Hagstofa

Skýr, mælanleg, raunhæf, og tímatengd markmið og mælikvarðar ýta á skilvirkni og verða til þess að áætlunargerð virkar sem tæki til árangurs. Á vorfundum verður kynnt úttekt fagaðila á árangri frá síðustu aðgerðaráætlun og markmið og árangursmælikvarðar fyrir næstu tvö ár kynnt.

## Aðgerðaáætlun – 2015 og 2016.

Samþykkt af sveitarstjórn dags 6. maí 2015

Verkefni	Tilgangur	Upphaf	Lok	Ábyrgð	Staða dags.
1. Úttekt á gæðum allrar grunnþjónustu – grunnviðmið -	Fá viðmið til framtíðar, tryggja gæði í samræmi við atvinnustefnu og endurmeta verkerla innan stjórnsýslunnar.	janúar 2015	maí 2017	Sveitarstjóri	
2. Kynna atvinnustefnu og grunnvinnu að aðalskipulagi. Útbúa verkáætlunarmöppu.	Upplýsa um innihald og hlutverkið sem sveitarstjórn tekur að sér til viðhalds og eflingar atvinnulífsins.	2014	maí 2015	Oddviti/Sveit arstjóri	
3. Fyrirkomulag ljósleidiðara – leita hagkvæmustu leiða og hafa valkost til kynningar fyrir íbúum eins fljótt og auðið er.	Auka lífsgæði, draga að íbúa og fyrirtæki	júlí '15	Lok árs 2016	Sveitarstjóri	
4. Klára aðalskipulag og samþykktarferlið	Koma á festu í skipulagsmálum og skapa samstöðu um skipan, landbúnar-, iðnaðar-, fristunda- og íbúasvæða.	maí 2014	maí 2016	Oddviti	Í lokaferli
5. Vinna markaðs- og kynningaráætlun á Hrunamannahreppi	Laða að ný fyrirtæki sem skapa stöðuga atvinnu, geta borgað hærri laun og aukið fjölbreytni í atvinnuframboði.	mars 2015	sept. 2016	Sveitastjórn – Markaðsfulltrúi	
6. Koma upp virkum upplýsingadálki atvinnu- mál á heimasiðu sveitarfélagsins	Upplýsa íbúa, atvinnurekendur og utanaðkomandi aðila um atvinnumál, atvinnulífið í sveitarfélagini og atvinnustefnuna og framvíndu hennar.	Sumar 2015	des. 2015	Sveitarstjóri	
7. Aðlögun nýbúa: Að marka stefnu og aðgerðir í móttöku, aðlögun og samfélagslegri virkni nýbúa.	Í ljósi reynslunnar hafa erlendir nýbúar í hreppnum tilhneigingu til að einangrast og því ekki náð að samlagast nærsamféluginu nógu vel. Þetta vill sveitarstjórn athuga í samstarfi við atvinnulífið og leggja sitt af mörkum til að betur takist til með.	2014	des. 2015	Sveitarstjórn	Í ferli

Hvert verkefni er útfært nánar í möppu yfir atvinnustefnu sem sveitarstjóri heldur utan um og verkefnin flokkuð þar og allt sem þeim viðkemur á verkefnatíma.

